

uppvægir, þegar krossferðirnar eru nefndar. Hvað lá fjær okkar hraustu forfeðrum? Þeir öfluðu sér að vísu fjár, en fyrst og fremst frægðar og frama. Þetta er hægt að sanna m.a. með því, að þeir, svo fram- arlega, sem nokkuð mannsmót var að þeim, lögðust ekki á lítilmagnan, þótt til séu að vísu undantekningar. Hinn þrælslegi hugsunarháttur kommúnista birtist enn- fremur - og er þó ærið nóg komið - í því að vilja alltaf vænta alls af ríkinu, vera alveg upp á það kominn og heimta réttindi, en hugsa ekkert um skyldur gagnvart ættjörðinni. H.J., í þessu og mörgu öðru birtist hinn þrælslegi hugsun- arháttur. H.J. notar mikið af kommúnist- iskum slagorðum, svo sem sameign, frelsi, bræðralag, jafnrétti. Veit hann ekki, að það er hrein og bein mótsögn að gala "sameign og frelsi" í sömu andrænni? Þar sem sameign er, hlýtur frelsið að vera minna. Hvað meinar hann svo með "frelsi"? Það er sá fyrirlitlegi saurlifnaður, sem kommúnistar skreyta með nafninu "frjáls- ar ástir". Er það heimildin til þess að myrða afkvæmi sín óborin?

Eitt af því, sem H.J. telur kommúnism- anum til lofs, er það, að "að kommúnistar vilja berja niður þá glæpamenn og þrjóta, sem stela frá fátækum verkamönnum arðinum af vinnu þeirra". Mér finnst nú í fyrsta lagi ákaflega óviturt að kalla þá menn "glæpamenn og þrjóta", sem með viljapreki sínu og dugnaði hafa skapað mönnum at- vinnu og hafið Ísland upp úr deyfð og dugleysi. Að vísu er spillingin mikil orðin, skipulagið, sem við búum við, mein- gallað; en umbæturnar er ábyggilega ekki að finna í kommúnisma, þar sem hver maður er eins og einn ás eða eitt hjól í stórri vél, þar sem menn rígbinda sig við eitt- hvað kerfi, sem draumóramenn á 18. og 19. öld hafa fundið upp. Það er annars hin mesta furða, að nokkur maður skuli enn vera kommúnisti. Því auk þess, sem marg- ir merkir menn hafa fært rök að því, að kommúnismi sé óframkvæmanlegur í reynd- inni - þá hefir reynslan einnig sýnt al- veg það sama, þar sem kommúnistar bæði í Ameríku og á meginlandinu hafa gert til- raunir með smá samfélög í þessa átt, ekki 10 sinnum, heldur 10 sinnum 10 sinnum, og alltaf - alltaf hafa þær tilraunir farið gersamlega út um þufur.- Sjáðu bara, hvernig það er í Rússlandi, munt þú segja. Ég verð að játa, að ég veit ekki hvernig það er í Rússlandi, og það

veit þú heldur ekki. Þú segir ennfremur að "kommúnistar vilja ryðja úr vegi öllum hömlum á framþróun vísinda og lista". Það má vel vera, að þeir geri það. Hver hefir til síns ágætis nokkuð. Geri þeir það, þá er það bara agn til þess að veiða menn til fylgis við sig. Slíkt geta allir flokk- ar og allar stefnur gert. En við Íslend- ingar, verðum að læra að þekkja gull frá gylling. Engum Íslending er til setu boðið fyr en öll starfsemi kommúnista er bönnuð, allir rauðir fánar rifnir, öll blöð og bækur kommúnista og yfirleitt öll sorp- og klámrit brennd á báli. Þetta er fyrsta sporið í áttina til framfara.

Hörður Þórhallsson.

H.Þ. hafnaði tilmælum um, að svargrein birtist í þessu blaði. Hún kemur því í næsta blaði.

VIÐTAL VIÐ ÆVAR R. KVARAN

formann leiknefndar.

Ég átti leið niður í Iðnó hérna á dögunum. Og hvað haldið þið þá að hafi mætt augum mínum? Jú, neðan úr kajllara hússins, sem ég síðar fékk að vita að eru búningsherbergi, kemur Evar R. Kvaran skólabróðir vor í herföngjabúningi frá "rokotímanum" og blístraði gleðilega. Fyrst komum vér ekki upp einu orði fyrir undrun, svo rennur upp ljós fyrir oss. Þetta mun standa í sambandi við þann þátt úr félagslífi skólans, sem víðast hefir borið frægð skólans sem stofnunar, þar sem gott og heilbrigt félagslíf þróast, nefni- lega hið árlega leikkvöld Menntaskólans.- Vér höfðum áður heyrt að Evar væri formað- ur leiknefndar í ár, svo að hér virðumst vér hafa dottið í lukkupottinn, og getum nú gefið lesendum Skólablaðsins ofurlitla mynd af leiknum og undirbúningi hans í ár.-

"Svo þið eruð þegar farin að fara í búninga. Erud þið komin svona vel á veg", spyrjum vér.

"Já, það er nú nokkuð langt síðan að

við förum að fara í búninga. Reynslan hefir kennt okkur, að það er ekki heppi-legt að fara of seint að venja sig við búningana, sökum þess að búningarnir hafa svo mikil áhrif á hreyfingar manns á leiksviðinu".

"En vér höfðum haldið að þið æfðuð að mestu leyti upp í skóla, aðeins nokkrum sinnum hér niður frá".

"Að vísu æfðum við fyrst framan af vetrinum upp í skóla, en vorum svo heppin, skömmu eftir nýjar, að fá æfingar 3 í viku hér í Iðnó, og höfum við aft hér síðan".

"En hvaða stykki er það, sem þið sýnið í ár?", spyrjum vér, og fer nú áhuginn að lifna hjá oss.

"Það heitir "Rakarinn í Sevilla", eftir Beaumarchais. En í öðrum stað hér í blaðinu skýri ég nánar frá leiknum og höfund hans".

"Og hafa nú æfingar gengið vel hjá ykkur?"

"Já, æfingar hafa gengið vel, og er það að þakka einstökum dugnaði og óserplægni leikstjórans svo og áhuga og fórnfýsi leikendanna sjálfra. Einstaka leikendur hafa tekið miklum framförum".

"Hver er leikstjóri að þessu sinni?"

"Við vorum svo heppnir að fá þýðandann sjálfan, Bjarna Guðmundsson, til þess að stjórna leiknum. Hann þýddi leikinn úr frönsku og er því sjálfur manna kunnugastur persónum leiksins og staðhættum þeim, er hann á að gjörast í".

"Leika margir leikendur að þessu sinni? spyrjum vér.

"Já, nokkuð margir. Stærstu hlutverk- in fara þau með: Guðrún Havstein, Gunnar Stefánsson, Sigurður Ólafsson, Jón Árnason og ég. Auk þess ýmsi smærri hlutverk".

"Hvenær hafið þið hugsað ykkur að fara upp með leikinn?"

"Mánudaginn 16. marz að öllu forfalla- lausu".

"Hvernig hefir samstarfið verið milli ykkar og leikstjórans?"

"Það hefir verið hið ákjósanlegasta".

"Og er hann ánægður með ykkur?"

"Hann virðist vera mjög ánægður með frammistöðu leikendanna, hvers einstaks og allra sem heild".

"Að því er mig minnir var óánægja ein- hver í fyrra út af leiknum, framkvæmd hans og fjárhag. Það fyrirbyggið þið auð- viðað að komi fyrir í ár?"

"Jú, við höfum skipt með okkur verkum

þannig, að slíkt verður útilokað að þessu sinni. Tveir okkar fara með stjórnina, en einn okkar endurskoðandi á fjárhag og fram- kvæmd leiksins".

"Og vel á minnst hverjir eru í leik- nefnd nú?"

"Gunnar Stefánsson er gjaldkeri, Sigurður Ólafsson endurskoðandi og ég formaður. Þessi varúðarráðstöfun ætti að geta fyrir- byggt alla óreglu í framkvæmd leiksins, í þessu sambandi er mér ljúft að geta þess, að samstarfið við hina nefndarmennina hef- ir verið einstaklega ánægjulegt."

"Já-há, leikritið heitir Rakarinn í Sevilla. En segið oss, er ekki til ópera með sama nafni. Þið sýnið auðvitað ekkert í þá áttina?"

"Rakarinn í Sevilla var upprunalega samin sem ópera af höfundinum Beaumarchais, en hann breytti henni í leikrit. En að þessu öllu vík ég á öðrum stað í blaðinu".

"Sýnið þið þá bara leikritið án söngs og hljómlistar?"

"Nei, musík er auðvitað nauðsynleg, en auk hennar höfum við nokkurn söng til tilbreytingar".

"Eru það þá löggin úr óperunni, sem þið syngið?"

"Nei, til þess höfum við auðvitað ekki krafta, því frægustu söngvarar heimsins hafa spreytt sig á þeim lögum. En það er mér sérstakt ánægjuefni að geta þess, að öll löggin og ljóðin (nema 2 þýdd) eru eft- ir einn nemanda úr skólanum, nefnilega vin minn, Gylfa Þ. Gíslason, og hvað viðkemur tónsmíðunum og lögunum ráðlegg ég yður að snúa yður til hans. Nú verð ég því miður að slíta samtalinu. Leikstjórinn bíður, ég hefi þegar látið hann bíða alltof lengi. Ég bið svo að heilsa lesendum Skólablatts- ins, og vonast til að fá að sjá framan í þá alla, þegar við förum að leika. Sælir".

Ja, þetta voru nú fréttir. Ég er viss um, að þegar þið nemendur hafið lesið þetta viðtal þá munið þið allir fara og sjá leikinn, þegar þeir fara að leika niðri í Iðnó.

Interv.